

Aðgerðaráætlun vegna samkomubanns og takmarkanir á starfsemi Háskólans á Akureyri

Vegna aðgerða stjórnvalda og tilkomu samkomubanns gildir eftirfarandi frá og með miðnætti sunnudaginn 15. mars til og með 23. apríl.

Nemendur

- Námslotur verða haldnar á rafrænu formi en ekki í húsakynnum skólans.
- Kennsla í húsnaði HA fellur niður og verður þess í stað færð á rafrænt form.
- Nemendur hafa ekki aðgengi að húsnaði Háskólans á Akureyri.

Starfsemi skólans

- Þótt samkomubann hafi verið sett á og kennsla í húsnaði HA lögð niður verður áfram reynt að halda uppi starfsemi skólans í samræmi við leiðbeiningar á vef embættis landlæknis og reglugerð heilbrigðisráðherra um samkomubann.
- Það er ákvörðun hvers og eins hvort hann kysir að mæta í vinnu eða vinnur heima hjá sér – þegar því verður við komið.
- Sérstakar aðgerðir fara í gang í þeim einingum sem vinna í opnu rými – leitast verður við að dreifa úr starfsfólki eins og mögulegt er, til dæmis með notkun á fundarherbergjum eða vinnusvæðum.
- Öll hús skólans verða lokað og aðgangsstýring utan dagvinnutíma eingöngu rafræn.
- Aðgengi að einstökum álmum eða göngum verður takmarkað með aðgangskortum.
- Allir fundir verða í Teams/Zoom, hvort sem um er að ræða fundi starfsfólks eða nemenda.
- Ekki verða veittar ferðaheimildir til ferða á vegum skólans og starfsfólk hvatt til að skoða vel utanlandsferðir á eigin vegum og hafi í huga að fólk gæti þurft að fara í sóttkví að ferðalagi loknu.
- Lokað verður fyrir aðgengi að eftirfarandi þjónustueiningum en þjónusta veitt rafrænt:
 - Afgreiðsla bókasafns
 - Þjónustuborð nemendaskrár
 - Þjónustuborð KHA
- Sérstök tilkynning verður send á mánudag um aðgengi og þjónustu mötuneytis á meðan þessu stendur.

Skjal uppfært 13. mars 2020, kl. 15:00.